

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

8. ágúst 2017
UST201706-220/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hólar

Við er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna nýrrar lóðar fyrir íbúðarhús og skemmu á landi Hóla í Rangárþingi ytra.

Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að landið sé algróið og hefur verið nýtt til beitar. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Umsögn

Í greinargerð kemur fram að hægt sé að draga úr sjónrænum áhrifum með því að taka mið af umhverfinu við hönnun og litaval og forðast áberandi útilýsingar, Umhverfisstofnun tekur undir þessar hugmyndir.


Í greinargerð kemur fram að byggingar verði í námunda við önnur hús á jörðinni og að núverandi vegtengingar muni nýtast, þó gera þurfi stutta vegtengingu á svæðinu. Umhverfisstofnun telur jákvætt að byggingar séu staðsettar nálægt núverandi húsum á jörðinni og að núverandi vegir verði nýttir.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri